



Akureyrarbær
Ásthildur Sturludóttir
Geislagötu 9
600 Akureyri

SAMGÖNGU- OG
SVEITARSTJÓRNARRÁÐUNEYTIÐ

Sölvhóls götu 7 101 Reykjavík
sími: 545 8200 postur@srn.is srn.is

Reykjavík 23. september 2020
Tilv.: SRN20090070/5.3

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra hefur ákveðið í samvinnu við Akureyrarbæ og Samtök sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra að skipa verkefnahóp um skilgreiningu á svæðisbundnu hlutverki Akureyrar. Hópurinn hefur það hlutverk að meta hvernig hægt er að haga samstarfi ríkis og sveitarfélaga um þau áhersluatriði sem fram koma annars vegar í byggðaáætlun um sjálfbæra þróun byggða um allt land og að skilgreindir verði meginkjarnar í hverjum landshluta og hins vegar sóknaráætlun Norðurlands eystra um borgarhlutverk Akureyrarbæjar. Mikilvægt er að draga saman þær áskoranir sem Akureyrarbær sem stærsti þéttbýlisstaður utan höfuðborgarsvæðisins stendur frammi fyrir, afla upplýsinga sem skipta máli í því sambandi og leiða saman lykilaðila til að ræða mögulega stefnumótun og aðgerðir til lengri og skemmri tíma.

Verkefnahópurinn verður skipaður einum fulltrúa frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, sem veitir hópnum formennsku, tveimur fulltrúum frá Akureyrarbæ og tveimur fulltrúum frá Samtökum sveitarfélaga á Norðurlandi eystra. Með hópnum starfi einnig sérfræðingar frá ráðuneytinu, Bygðastofnun, Rannsóknarmiðstöð Háskólans á Akureyri og öðum aðilum eftir atvikum. Hópurinn skili tillögum og greinargerð eigi síðar en í júlí 2021.

Hér með er óskað eftir því að Akureyrarbær tilnefni tvo fulltrúa í verkefnahópinn. Vinsamlegast gefið upplýsingar um kennitölu, heimilisfang, netfang og vinnustað tilnefningaraðila.


Ráðuneytið vekur athygli á 15. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 10/2008, en þar er meðal annars kveðið á um að þegar tilnefnt er í nefndir, ráð og stjórnir á vegum ríkis og sveitarfélaga skuli tilnefna bæði karl og konu. Þá kemur fram að tilnefningaraðila sé heimilt að víkja frá þeirri skyldu þegar hlutlægar ástæður leiða til þess að ekki er mögulegt að tilnefna bæði karl og konu. Skal tilnefningaraðili þá skýra ástæður þess. Ráðherra skipar í nefndina og velur úr tilnefningum svo kynjaskipting sé sem jöfnust.

| |
|---------------------|
| AKUREYRARBÆR |
| Mótt.: 28.09.2020 |
| Málsnr.: 2020090730 |
| Lykill: 01-710 |

Ráðuneytið greiðir ekki sérstaklega fyrir störf í hópnum.

Fyrir hönd ráðherra


Ragnhildur Hjaltadóttir


Guðni Geir Einarsson

Samrit: Byggðastofnun
Sauðarmýri 2
550 Sauðárkrókur

RHA - Rannsóknamiðstöð HA
Borgum v/Norðurslóð
600 Akureyri